

## REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 1055/2006 um alþjóðlegt meistaránám  
í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti.**

### 1. gr.

Priðja grein breytist og verður svohljóðandi:

Meistaránamið jafngildir 90 námseiningum (ECTS) og skal meistaránemi þar af ljúka a.m.k. 60 námseiningum (ECTS) með prófum og öðru námsmati í námskeiðum og 30 námseiningum (ECTS) með lokaverkefni, sbr. þó 4. mgr. 5. gr.

Deildarfundur lagadeildar ákvarðar hvaða námskeið boðið er upp á í meistaránáminu að fenginni tillögu frá meistaránámsnefnd og skulu breytingar á framboði námskeiða alla jafna liggja fyrir þann 1. desember ár hvert fyrir næstkomandi háskólaár.

Heimilt er samkvæmt umsókn nemandi í meistaránáminu, sem berst lagadeild eigi síðar en 15. júní fyrir komandi háskólaár, að veita undanþágur frá því að þreyta próf í einstökum námskeiðum í meistaránáminu, þó að hámarki sem samsvarar 12 námseiningum (ECTS), enda sýni nemandi þá fram á með viðeigandi gögnum að hann hafi þegar stundað sambærilegt nám á meistarastigi við háskóla.

Nemandi skal hafa lokið meistaránámi eigi síðar en þremur árum eftir fyrstu innritun í námið.

### 2. gr.

#### *Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar af háskólaráði skv. heimild í 3. mgr. 11. gr. laga nr. 85/2008, um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 5. mars 2009.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

---

*Pórður Kristinsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 25. mars 2009